



Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2022

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um peningamarkaðssjóði, 328. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. Í frumvarpinu er lagt til að innleiða í íslensk lög ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði.

SFF gera ekki athugasemdir við að frumvarpið verði að lögum. Nokkurn veginn samhljóða frumvarp var lagt fram á vörpingi 2022. Við það tilefni bentu SFF á í umsögn sinni um málið að samkvæmt upplýsingum samtakanna eru engir sjóðir reknir á Íslandi sem mögulega geta fallið undir skilgreiningu á peningamarkaðssjóði. Þar sem frumvarpið er nú lagt fram á Alþingi að nýju telja samtökin rétt að ítreka fyrri athugasemdir. En samkvæmt upplýsingum frá stærstu rekstrarfélögum sjóða hér á landi, sem eru aðilar að SFF, er nánast útilokað að slíkir sjóðir verði stofnaðir, að minnsta kosti ekki í íslenskum krónum. Það helgast annars vegar af því hversu fáum útgefendum er til að dreifa og hins vegar af því hvert framboð af hæfum fjármálagerningum er. Í greinargerð með frumvarpinu er skýrt tekið fram í kafla 3.4. að peningamarkaðssjóðum sé einungis heimilt að fjárfesta í þeim eignum sem taldar eru upp í reglugerðinni og aðeins að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. SFF benda á að ekki er boðið upp á bróðurpartinn af þessum eignum á mörkuðum hérlendis, t.d. hvað varðar hæf innlán og innláns skírteini í skilningi reglugerðarinnar. Það er þó ekki útilokað að settir verði upp peningamarkaðssjóðir í evrum eða öðrum erlendum myntum þar sem til staðar eru útgefendur og framboð verðbréfa er meira en gildir um fjármálagerninga í íslenskum krónum. Þegar og/eða ef af því verður er vissulega gott að hafa þessa löggjöf til staðar, opnast slík tækifæri.

Í frumvarpinu er nefnt að mögulega kunni svonefndir lausafjár sjóðir að komast næst því að geta talist peningamarkaðssjóðir. Staðreyndin er sú að þeir sjóðir eru verulega frábrugðnir peningamarkaðssjóðum og er eignasamsetning þannig að stærstur hluti eigna þeirra er af öðrum toga en teljast hæfar eignir samkvæmt umræddri reglugerð. Af markaðsefni lausafjár sjóðanna að dæma virðast þeir hvorki bjóða upp á ávöxtun í samræmi við tiltekna peningamarkaðsvexti eða með yfirlýst markmið um að vernda virði fjárfestingar, sem eru einkenni peningamarkaðssjóða og forsendur þess að falla undir reglugerðina. Það verður því ekki séð að þessi fyrirhugaða löggjöf hafi nein áhrif á þá sjóði sem fyrir eru á íslenskum sjóðamarkaði.

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.  
Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur